Andlát

Bjarni Þórarinsson eirsmiður, Nesvegi 56, Reykjavík, andaðist í Landakotsspítala þann 25. september.
Hallbera Bergsdóttir, Vífilsgötu 5, Reykjavík, andaðist í Landspítalanum 24. þ.m.
Ingibjörg Dagsdóttir, Austurvegi 34, Selfossi, andaðist í sjúkrahúsi Suðurlands 26. september.
Sólrún Guðbjartsdóttir frá Drangsnesi, Esjuvöllum 14, Akranesi, andaðist í gjörgæsludeild Landspítalans 25. september.
Óskar Sigurðsson bóndi, Hábæ, Þykkvabæ, andaðist í sjúkrahúsi Suðurlands sunnudaginn 25. september.
Ingólfur Helgason, Birkihlíð 20, Vestmannaeyjum, lést á heimili sínu 24. september.
Ágúst Einarsson andaðist 12. september sl. á sjúkraheimili í Skælskör.
Ingibjörg Betúelsdóttir andaðist á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 25. september.
Baldvina Brynjólfsdóttir varð bráðkvödd á heimili sínu laugardaginn 24. september.
Magnús Hallsson frá Grísháli, Háaleitisbraut 44, andaðist í Borgarspítalanum 24. þ.m.

Jarðarfarir

Hilmar Magnússon, Logafold 50, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 29. september kl. 10.30. Jarðsett verður í Selfosskirkjugarði.
Guðmundur E. Einarsson, fyrrverandi bifreiðarstjóri, Meðalholti 3, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. september kl. 10.30.
Sveinn Hallgrímsson, Hörgshlíð 8, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 28. september kl. 13.30.
Bjarni Helgason frá Holti, Garði, varð bráðkvaddur þriðjudaginn 20. september. Útförin fer fram frá Útskálum, Garði, miðvikudaginn 28. september kl. 14.
Svavar Erlendsson, Iðufelli 10, sem lést 18. september sl., verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 28. september kl. 15.
Kristín Ólafsdóttir, Hátúni 12, lést í Borgarspítalanum sunnudaginn 11. september. Útför hefur farið fram.



Hlynur Ingi Búason lést af slysförum 16. september sl. Hann fæddist 16. júní 1973, sonur Búa Steins Jóhannssonar og Hallberu Eiríksdóttur. Útför hans verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 15.



Jóhanna Guðfinna Guðmundsdóttir lést 16. september sl. Hún fæddist í Reykjavík 24. júní árið 1900. Foreldrar hennar voru Guðmundur Bergþórsson og Stefanía Gísladóttir. Eftirlifandi eiginmaður hennar er Kjartan Pétursson. Þau hjónin eignuðust tvær dætur. Útför Jóhönnu verður gerð frá Dómkirkjunni í dag kl. 13.30.



Matthías Þ. Guðmundsson lést 16. september. Hann fæddist í Viðey 10. september 1921, sonur hjónanna Guðmundar Júlíussonar og Jóhönnu Bjarnadóttur. Matthías stundaði sjómennsku til ársins 1953 er hann hóf störf hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, lengst af sem verkstjóri. Hann var þar til ársins 1984. Magnús var tvíkvæntur og átti tvö börn með fyrri konu sinni. Seinni kona hans er Sigurveig Einarsdóttir. Þau ólu upp fósturdóttur.

Tilkynningar

Hallgrímskirkja – starf aldraðra

Fyrirhuguð er haustlitaferð til Þingvalla nk. miðvikudag, fimmtudag eða föstudag, eftir veðri. Lagt verður af stað kl. 13.30 frá Hallgrímskirkju. Nánari upplýsingar gefur Dómhildur Jónsdóttir í dag í síma kirkjunnar, 10745 eða heima í síma 39965.

Fundir hjá ITC Melkorku

ITC Melkorka er hópur kvenna sem hittast tvisar í mánuði, annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar kl. 20 í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. ITC er skammstöfun sem stendur fyrir International Training in Communication. Þetta eru samtök kvenna, 50 ára gömul, starfandi um allan heim, en upphaflega stofnuð í Bandaríkjunum og eru höfuðstöðvarnar þar. Ef þú vilt auka sjálfstraustið eða verða fær um að tala skammlaust á mannamótum ertu velkomin á fundi í vetur.

Nauðungaruppboð

þriðja og síðasta á eftirtöldum fasteignum:

Hverfisgata 82, 1. hæð, eldra hús, þingl. eig. Jón Guðvarðarson, fer fram á eigninni sjálfri fimmtud. 29. sept. '88 kl. 17.00. Uppboðsbeiðandi er Útvegsbanki Íslands hf.

Hverfisgata 82, 2. hæð, talinn eig. Jón Þ. Waltersson, fer fram á eigninni sjálfri fimmtud. 29. sept. '88 kl. 16.45. Uppboðsbeiðandi er Útvegsbanki Íslands hf.

Skipholt 55, kjallari, talinn eig. Jón Guðm. Árnason, fer fram á eigninni sjálfri fimmtud. 29. sept. '88 kl. 15.15. Uppboðsbeiðendur eru Ólafur Gústafsson hrl., Veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Stórholt 47, hluti, þingl. eig. Bryndís Þráinsdóttir, fer fram á eigninni sjálfri fimmtud. 29. sept. '88 kl. 16.00. Uppboðsbeiðendur eru Ásdís J. Rafnar hdl., Gjaldheimtan í Reykjavík, Ólafur Axelsson hrl., Skúli J. Pálmason hrl., Othar Örn Petersen hrl., Ásgeir Thoroddsen hdl., Lúðvík Kaaber hdl., Landsbanki Íslands, Hallgrímur B. Geirsson hrl., Magnús Norðdahl hdl., Jón Ólafsson hrl., Ingólfur Friðjónsson hdl., Sveinn H. Valdimarsson hrl., Sigurður G. Guðjónsson hdl., tollstjórinn í Reykjavík, Ásgeir Thoroddsen hdl., Friðjón Örn Friðjónsson hdl., Ólafur Gústafsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl., Árni Einarsson hdl., Ólafur Axelsson hrl. og Sigmundur Hannesson hdl.
BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK

Menning

DV

Norræn vefnaðarsýning á Borgundarhólmi


– fær góða dóma hjá Dönum.

Norræn farandsýning á textílverkum sem hóf göngu sína á Íslandi á Kjarvalsstöðum í mars og fór héðan í Listaskálann í Þórshöfn í Færeyjum er nú komin til Borgundarhólms. Þaðan fer hún til Álandseyja og endar loks á eyjunni Gotlandi því sýningin heitir Saarilla, sem er finnska og þýðir eyja eða eyjur, og helst á hvergi að setja hana upp nema á eyjum. Hún var þó lánuð á kvennahátíðina miklu í Osló í sumar eins og fram kom í fréttum þaðan.

Það voru tíu textíllistamenn frá hinum ýmsu Norðurlöndum sem lögðu saman í sýninguna og eru þær Sigurlaug Jóhannesdóttir og Anna Þóra Karlsdóttir fulltrúar Íslands. Verk beggja fá góða dóma hjá gagnrýnanda Politiken sem telur vel þess virði fyrir Kaupmannahafnarbúa að skreppa til Borgundarhólms að sjá sýninguna.

Þangað er um fimm stunda sigling.

-nb/ihh



Níu fjörusteinar með hrosshári eru verk Sigurlaugar Jóhannesdóttur en teppin tvö á veggnum eru eftir Nönnu Hertoft, einn þekktasta listvefara Dana.



Dansað af fullum krafti við tónlist frá hinni vinsælu unglingahljómsveit, Kvass. **DV-mynd Róbert Jörgensen**

Fyrsti skóladansleikur vetrarins

Róbert Jörgensen, DV, Stykkishólmi:

Félagslíf Grunnskólans í Stykkishólmi er komið í fullan gang eftir sumarlanga hvíld. Síðastliðinn laugardag var fyrsti skóladansleikurinn haldinn. Níundu-bekkingar sáu um hann, enda var hann liður í fjáröflun bekkjarins vegna vorferðalags. Allir nemendur skólans máttu koma (6–16 ára) en fóru heim á mismunandi tímum eftir aldri.

Þetta var hin mesta skemmtun, diskótek og lifandi tónlist þar sem hin vinsæla unglingahljómsveit Kvass lék fyrir dansi og hélt uppi miklu fjöri til klukkan 22.00. Segja má að frá miðnætti hafi nemendur varla farið af dansgólfinu.

Dansleikurinn fór fram í Félagsmiðstöð Stykkishólmsbæjar en hún var tekin í gagnið á síðasta ári eftir gagngerar endurbætur.

Björgunarskóli LHS

Björgunarskóli Landssambands hjálparsveita skáta (LHS) er að hefja sitt tólfta starfsár undir kjörorðunum: „Aukin kunnátta – bætt þjálfun – betri árangur." Dagskrá skólans er fjölbreytt að að vanda. Í nýútkominni vetraráætlun skólans eru tímasett ýmis framhaldsnámskeið og leiðbeinendanámskeið fyrir björgunarsveitamenn og aðra sem tengjast björgunarstörfum. Björgunarskóli LHS býður upp á fjölda námskeiða og er lýsing á þeim í námsskrá skólans. Í vetur verða einnig haldin námskeið í ferðamennsku fyrir almenning, eins og verið hefur undanfarin ár á vegum hjálparsveitanna.

Perlukvöld fyrir sælkera

Hótel Ísland mun á næstunni taka upp þá nýbreytni að bjóða margrómuðum listakokkum að sjá um sérstök sælkerakvöld í Norðursal hótelsins. Hljómsveitin Kaskó spilar dinnermúsík undir borðum og leikur einnig fyrir dansi í Norðursalnum eftir borðhaldið. Gestum er velkomið að yfirgefa Norðursalinn eftir borðhaldið og ganga í aðalsal á dansleikinn þar.

Bridgefélag Hafnarfjarðar

Mánudaginn 19. september sl. hófst starfsemi félagsins að nýju, eftir sumardvalann, með eins kvölds tvímenningi. 16 pör skráðu sig til leiks og voru spiluð 30 spil.

Úrslit urðu þessi:

1. Björn–Guðlaugur	268
2. Njáll–Marinó	238
3. Ólafur–Sverrir	231
4. Árni–Guðjón	229
5.–6. Andrés–Stígur	227
5.–6. Magnús–Hörður	227
Meðalskor	210

Næsta mánudagskvöld verður aftur spilaður eins kvölds tvímenningur, en þar á eftir verður spilaður tveggja kvölda Mitchell-tvímenningur. Spilað er sem fyrr í Íþróttahúsinu við Strandgötu (uppi) og hefst spilamennskan kl. 19.30.

Fyrirlestrar

Fyrirlestur um notkun myndbanda í kennslu erlendra mála

Á morgun, miðvikudaginn 28. september mun Erik Poulsen, kennari við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn, halda fyrirlestur um notkun myndbanda í kennslu erlendra mála á grunnskólastigi. Erik Poulsen hefur mikla reynslu á þessu sviði, hann hefur um árabil bæði kennt starfandi kennurum notkun myndbanda í kennslu og sjálfur notað myndbönd í kennslu sinni á grunnskólastigi. Fyrirlesturinn verður haldinn í KHÍ í stofu B-201 kl. 16.30–18.30. Fyrirlesturinn er öllum opinn.